

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem nemur nú kr. 160 000.00 svo og það fé, er síðar kann að renna til hans, skal ávaxta á öruggan hátt, og ef unnt er þannig, að rýrnun á verðgildi peninga hafi ekki áhrif á eignir hans.

4. gr.

Rektor Menntaskólans í Reykjavík hefur með höndum stjórn sjóðsins. Reikningur hans skal árlega birtur í skýrslu skólans.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

F. h. stofnenda,
Ármann Kristinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 3 11. janúar 1967 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Úr 1. gr. reglugerðarinnar falli:

Tollskrá

Kaflí Nr.

- 58 07 02 Garn og kaðlar til veiðarfæragerðar úr polyethylen og polypropylen, sem vegur 0.5 gr. meterinn eða meira, þó ekki fléttaðir kaðlar úr sama efni, 10 mm í þvermál eða meira.
- 59 05 01 Fiskinet úr polyethylen og polypropylen, þó ekki net úr nylon og öðrum gerfiefnum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. maí 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sjúkrahjálp, nr. 235 12. nóvember 1965.

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Forstöðukonu Landspítalans er heimilt að veita sjúkraliðaréttindi þeim, sem lokið hefur prófi í sjúkrahjálp við erlent sjúkrahús, ef hún telur námið jafngilda námi

Því, sem haldið er uppi á námskeiðum ríkisspítalanna fyrir sjúkraliða, enda leggi umsækjandi fram vottorð um próf.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 42/1965, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. júní 1967.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 90.

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs fatlaðra árið 1966.

Rekstrarreikningur 1. janúar til 31. desember 1966.

Tekjur:

Gjald af súkkulaði	kr. 1 668 771.15	
Vaxtatekjur	— 289 869.00	
		kr. 1 958 640.15
Gjöld umfram tekjur		— 3 775 082.97
		<u>Kr. 5 733 723 12</u>

Gjöld:

Styrkir	kr. 5 733 723.12
	<u>Kr. 5 733 723 12</u>

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1966.

Eignir:

Innstæða í sparissjóðsbók	kr. 453 043.29
	<u>Kr. 453 043.29</u>

Skuldir:

Höfuðstóll 1. janúar 1966	kr. 4 228 126.26
Gjöld umfram tekjur	— 3 775 082.97
	<u>kr. 453 043.29</u>
	<u>Kr. 453 043.29</u>

Reykjavík, 29. apríl 1967.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Ingólfur Guðmundsson.